

Fundargerð Háskólaráðs 10. desember 2014

Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mættir: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Guðjón Freyr Gunnarsson varam. f. grunnema, Auður Ingólfsdóttir varam. fulltrúi kennara og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð.

Áheyrnarfulltrúar: Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi Íbúaráðs og Þorvaldur Jónsson fjármálastjóri

Fjarverandi: Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara og Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema

Dagskrá

1. **Fundargerðir 156. og 157. funda.** Samþykkt.
2. **Endurskoðun á reglugerð F10 Reglugerð Háskólans á Bifröst**
Aðstoðarrektor kynnir breytingartillögur við reglugerðina, sem voru sendar út fyrir fundinn. Samþykkt, en ef fulltrúar hafa athugasemdir þurfa þær að berast til rektors fyrir vikulok.
3. **Kennslustefna**
Aðstoðarrektor kynnir tillögu að kennslustefnu skólans, að stefnunni unnu ásamt henni Sigrún Lilja og Jón Freyr. Búið að fjalla um tillöguna stefnuna í kennslu- og rannsóknarráði og á kennarafundi.
Samþykkt.
4. **Gæðastefna og gæðamál**
Rektor kynnir tillögu um gæðastefnu Háskólans á Bifröst í f.h. gæðastjóra.
Samþykkt.

Sjálfsmatsskýrsla skólans er nú í fyrsta yfirlestri hjá erlendum aðila úr úttektarteyminu sem mun koma hingað í mars 2015. Verið er að ljúka skýrslum sviðanna.

Kennslumat fyrir lotu 2 og langa lotu kynnt, útkoman er góð og þátttaka hefur aukist.

Rektor kynnir breytingar á gæðaskjölum

- a) *F180 Leiðbeiningar um ritum lokaritgerða*, breytingar í kafla 6 sem fjalla m.a. um frestun ritgerðaskrifa. Samþykkt, nema athugasemdir berist til rektors fyrir vikulok.

- b) *F230 um skil meistararitgerða*, breytingar í 5. kafla um frestun ritgerða milli anna. Samþykkt, nema athugasemdir berist til rektors fyrir vikulok.
- c) *F260 Umbun fyrir rannsóknarvirkni*, SLE gerir athugasemdir við lið 2. Hún mun senda athugasemdir sínar til fulltrúa í ráðinu. Afgreiðslu frestað.

5. **Sóknarsvið 2015**

Rektor kynnir stöðu mála á sóknarsviðum skólans:

Þjónustufræðinám fer í gang í haust á viðskiptasviði.

Lögfræði verði kennd í fjarnám frá og með hausti 2015, einnig er verið að undirbúa umsókn um styrk til að koma á „joint degree „ í lögfræði.

Á félagsvísindsviði er verið að vinna að þremur nýjum námsleiðum.

Lögreglunámið. Í skýrslu starfshóps um endurskiplagningu lögreglunámsins frá 15. sept. sl. er lagt til að setja námið í Keili og HA. Óskað var eftir umsögnum og sendi rektor umsögn í síðastliðinni viku. Hann telur málinu ekki vera lokið.

Alþjóðlegi sumarskólinn, undirbúningur er í gangi, áætlað að hafa hann 2016.

Símenntun – fyrsta markmið að innkoma af símenntun verði 10% af veltu skólans.

Ferðþjónusta, bókanir heldur betri en í fyrra um þetta leyti.

6. **SVÓT greining**

Ósk kom frá menntamálaráðuneytinu um að skólinn léti í té SVÓT-greiningu fyrir skólann, vegna stefnumótunarvinnu hjá ráðuneytinu. Rektor ræðir hvort nemendur t.d. í miðstjórn hafi áhuga á að vera með í þessu verkefni. Nemendur töldu að það yrði vel tekið í að taka þátt í þessari vinnu.

7. **Rekstrartölur**

Fjármálastjóri kynnir helstu rekstrartölur ársins, helstu frávík eru í launakostnaði, en verið er að fjárfesta í nýjum þáttum eins og t.d. í markaðssetningu o.fl.

8. **Áætlanagerð 2015**

Fjármálastjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Reynt hefur verið að bregðast við lækkun á ríkisframlagi á árinu 2014. Lykilatriði að nemendum fjölgi í skólanum, til að áætlun 2015 gangi eftir, gert er ráð fyrir bættri afkomu í hótélrekstrinum. Markaðsherferðin byrjar með háskóladeginum í lok febrúar. Búið er að afgreiða áætlunina í stjórn skólans.

9. **Fundur með nemendum 24. nóvember sl. - framhald**

Rektor opnar umræðuna, var ánægður með fundinn sem nemendur boðuðu 24. nóvember sl. Veltir fyrir sér hvort að svona fundir eigi að vera reglulegir. GFG bendir á að gott gæti verið að sviðsstjórar myndu halda samráðsfundi með nemendum á sviðunum.

10. **Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.30

Fundargerð samþykkt á fundi 28. janúar 2015.